

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 93.

18. febrúar 1982.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

- 1) Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við norðanverðan Nýbýlaveg, vestan Birki-
grundar.
- 2) Bifreiðastöður við gangstétt vestan Félagsheimilis Kópavogs við Fannborg skulu
vera bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórnin í Kópavogi, 18. febrúar 1982.

Ásgeir Pétursson.